

# Altarissakramentið

33. Tími



## **Tilgangur:**

Raunveruleg nærvera Jesú Krists í Evkaristíunni og í guðslíkamahúsinu. Þegar við meðtökum hostíuna kemur Jesús sjálfur til okkar.

Eftir gjörbreytinguna, á altarinu, er þetta ekki lengur brauð né vín, heldur líkami og blóð Jesú Krists.

Hostía- eins og kaleikurinn - inniheldur raunverulega hinn lifandi Jesú, með líkama hans, blóði, sál og guðdómi. Jesús-hostía er brauð lífsins, sem gefur líf af himnum þeim sem þiggja það.

Bergingin, þegar við tökum á móti Jesú Kristi í mynd brauðs og víns, kallast á erlendum málum *communio*, sem vísar til þess, að með því að taka við Jesú öðlumst við nána sameiningu við hann. Við sameinumst einnig betur en áður öllum þeim kaþólsku körlum og konum, sem njóta náðar Guðs. *Communio* merkir *sameiginleg eining*, eining á milli okkar sjálfra og Krists, og eining á milli okkar og bræðra okkar og systra.

Í messunni er Jesús Kristur sannlega, raunverulega og í sínu innsta edli nálægur í mynd brauðs og víns. Þetta er ekki lengur brauð eða vín, þetta er Jesús, sonur Guðs, sem við eigum að virða og tilbiðja. Það er bæði mikið kraftaverk og mikil ráðgáta.

Utan messu eru vígðar hostíur (altarissakramenti)geymdar í dýrmætum vasa með loki: *ciborium*. Hann er settur í guðslíkamahúsið, þar sem þið getið komið og beðið til hans: Þannig getið þið heimsótt Jesú, sem er staddur í guðslíkamahúsinu, hvenær sem þið viljið...

Stundum, utan messu, fer presturinn út með Jesú, til þess að kynna hann fyrir hinum trúuðu: stór hostía er sett í stóra gullna sól: *monstrans*. Það er tilbeiðsla hins blessaða sakramentis sem er falleg athöfn, til þess að veita Guði heiður og dýrð, þar sem hann er til staðar í hinni vígðu hostíu.



Þess vegna eigið þið, þegar þið komið inn í kirkju að leita strax að guðslíkamahúsinu þegar þið eruð búin að signa ykkur. Við hlið þess er ljós, sem er kallað eilífðarljósið og lýsir öllum stundum.

Þetta ljós bendir okkur á, að „hér er hið Alhelga sakramenti; hér er Drottinn vor Jesús Kristur.“



Til að læra:


### **Hvað gefur Jesús þér í Heilögu Altarissakramenti?**

Í Heilögu Altarissakramenti gefur Jesús mér sjálfan sig sem fæðu fyrir líkama og sál.

**Hvað er Heilagt Altarissakramenti?** Heilagt Altarissakramenti er Jesús Kristur eftir að brauðið og vínið hafa gjörbreyst í líkama hans og blóð í messunni.

## **Fylltu það sem vantar:**

1. Eftir gjörbreytinguna, á altarinu, er þetta ekki lengur \_\_\_\_\_ né \_\_\_\_\_, heldur \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ Jesú Krists.
2. Jesús býður L \_\_\_\_\_ sinn og B \_\_\_\_\_ til að bæta fyrir S \_\_\_\_\_ okkar
3. Sjáum við líkama og blóð Jesú í messu? \_\_\_\_\_
4. Í hinu vígða kerri og í kaleiknum er Jesús raunverulega til staðar? \_\_\_\_\_
5. Jesús er raunverulega til staðar undir útliti b \_\_\_\_\_ og v \_\_\_\_\_.
6. Er mikilvægt að fara og heimsækja hinn falda Jesú í guðslíkamahúsinu? \_\_\_\_\_



• **Bæn:**

*Ég tilbið þig með trausti,  
tigni himnason,  
er þú brauðsmynd búinn,  
býður heimi von.*

*Þér af heilum huga, hjarta lýtur mitt,  
virðir, hrifð, heillað,  
háleitt veldi þitt.*

• **Til að æfa:**

Þegar þú gengur framhjá guðslíkamahúsið, eða fyrir framan sakramentið, þegar það er afhjúpað eða borið í skrudgöngu, gleymdu því ekki að Jesús er raunverulega til staðar í “líki brauðsins”, og að krjúpa og sýna á þann hátt virðingu þína.

•Tengdu setningarnar saman:

**Ciborium og kaleikurinn innihalda**

**Jesús raunverulega til staðar**

**Jesús finnst gaman að vera heimsóttur**

**eru aðeins útlit**

**Brauð og vín**

**er mikill leyndardómur**

**Hið blessaða sakramenti**

**er eiginlega komið að  
altarinu**

**Við vígsluna, Jesús**

**kemur í stað Jesú**

**Jesús býður**

**fórn Jesú**

**Presturinn**

**lífið sins undir skaðabætur**

**Messan býður fram**

**í guðslíkamahúsinu**



## ALTARISGÖNGUBÆN



Barnið Jesú



þú sem ert til staðar í Hostíu



Ég vil taka á móti þér



og að þú haldir þér í  
hjarta mínu